

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Árnesi

804 Selfoss

Efni: Kynning á fyrirhugaðri stofnun lóðar í landi Ása, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, um aðkomu á lóð

Reykjavík, 15. desember 2020

Ágæta sveitarstjórn.

Síðan foreldrar mínir, Stefanía Ágústsdóttir og Guðmundur Ámundason, voru bændur í Ásum hefur legið fyrir vilyrði þeirra um að ég mætti fá til eignar spildu af jörðinni fyrir sumarbústað eða slíkt. Fyrir skömmu hófst undirbúningur þess að láta verða af þessu og stofna lóð úr landi Ása. Styttist nú í að formleg umsókn um það verði lögð inn hjá skipulagsyfirvöldum, sveitarstjórn og Vegagerðinni.

Fyrirhuguð lóð er vestan vegar nr. 325, Gnúpverjavegar, þar sem heitir Skútás, en hann er áberandi kennileiti vinstra megin vegar rétt áður en komið er að Mástungnavegamótum. Mun nýja lóðin verða nefnd Skútás.

Í komandi ferli þarf Vegagerðin að samþykkja aðkomu á lóðina. Hef ég gert ráð fyrir að aðkoman yrði beint inn á lóð af veginum, þar sem vel markar fyrir gömlum vegslóða að fjárhúsinu sem stóð undir Skútásnum á árum áður. Er hann skammt frá syðsta horni lóðarinnar, sjá meðfylgjandi loftmynd.

Vegur nr. 325, Gnúpverjavegur, mun vera „tengivegur“ í flokki C7 hjá Vegagerðinni. Miðað við hámarkshraða umferðar á veginum nægir að 150 metrar séu frá þessari aðkomu að næsta afleggjara samkvæmt reglum Vegagerðarinnar. Fyrirhuguð aðkoma að Skútási uppfyllir þessi fjarlægðarmörk.

Á hinn bóginn, þá gæti verið örðugleikum háð að fá Vegagerðina til að samþykkja aðkomu frá veginum þarna sökum þess að ekki verður föst búseta á lóðinni. Vill

Vegagerðin almennt að notast sé við hliðarvegi að sumarhúsalóðum, í stað þess að fjölmargir afleggjarar liggi að sumarhúsum á litlu svæði.

Aðalerindi mitt nú er að kynna það tímanlega fyrir sveitarstjórn, að aðstæðna vegna, þá væri hliðarvegur ekki framkvæmanlegur hjá Skútás vegna bleytu og skurða, það þyrfti að brúa a.m.k. tvo skurði til að gera hann mögulegan, auk fleiri vandkvæða. Og þar sem fjarlægðarmörk að næsta afleggjara eru í lagi, verður heldur ekki beinlínis séð hver betri munurinn yrði á að gera afleggjara út á hliðarveg, þó ekkert hamlaði.

Í öðru lagi, þá eiga hugsanlegar áhyggjur Vegagerðarinnar af of mörgum afleggjurum beint frá vegi að sumarbústöðum ekki við þarna, í ljósi þess að ekki er verið að útbýta sumarbústaðalóðum á svæðinu, heldur aðeins verið að stofna eina lóð út úr bújörð vegna persónulegra tengsla, þ.e. vegna arfleifðar. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, en sjálf lóðin fellur vel í flokk nr. IV, sem vænlegt land til frístundabyggðar eða skógræktar, eins og það er flokkað í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Með þessum skýringum, þá bið ég sveitarstjórn að huga að þessu þegar þar að kemur, og veita því stuðning að aðkoman sem ég hef gert ráð fyrir, þ.e. á gamla vegslóðanum að Skútási, fáist samþykkt hjá Vegagerðinni. Er ég að sjálfsögðu viðbúin því að verða við óskum hennar eða ykkar eftir atvikum, svo sem um hækkun afleggjarans, eða hverju öðru nauðsynlegu sem við ætti.

Með fyrirfram þökk,

Kristín Ása Guðmundsdóttir

Netfang: krg60@hi.is

Sími 691 4564